



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

# STARFSLEYFI

fyrir vistheimili barna (Mánaberg vistheimili barna) að Efstalandi 26.

Nafn leyfishafa: Reykjavíkurborg

Heimilisfang: Ráðhúsið

Póstnúmer: 101

Kennitala: 530269-7609

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2026

Gildir til: XX.XX. 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2026



Reykjavík

# Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

16-04-2025 17:31

Tungumál á Mínum síðum: IS

## Skilmálar

Já, ég samþykki!



## Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á  
Flutningur í nýtt húsnæði;Breytingar á húsnæði

Starfsemi hefst

01-06-2025

## Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Mánaberg Vistheimili barna

Aðsetur starfsstöðvar

Efstaland 26

Póstnúmer aðseturs

108

Símanúmer

Netfang

regina.jonsdottir@reykjavik.is

**Heimasíða**

-

**Nafn fyrirtækis**

~~Mánaberg Vistheimili barna~~ [Reykjavíkurborg](#)

**Kennitala fyrirtækis**

5302697609

**Lögheimili fyrirtækis**

~~Laugarásvegur 39~~

**Póstnúmer fyrirtækis**

~~104~~

## Forsvarsmaður

**Nafn forsvarsmanns**

Regína Jónsdóttir

**Kennitala forsvarsmanns**

**Sími forsvarsmanns**

**Netfang forsvarsmanns**

regina.jonsdottir@reykjavik.is

## Hvar fer starfsemin fram?

**Hvar fer starfsemin fram?**

Í fasteign

**Fasteignanúmer**

F2274584

**Rýmisnúmer**

01 0301

## Starfsemi

**Hvers konar starfsemi?**

Hollustuhættir;Matvælastarfsemi;Gististarfsemi

### **Tegund starfsemi**

Annars konar matvælastarfsemi en hægt er að velja hér að ofan

### **Lýsið hvers konar starfsemi**

Matur er eldaður fyrir skjólstæðinga og starfsmenn. Morgunmatur, Hádegismatur og Kvöldmatur.

### **Mat á áhættu (haka á við áhættumestu þætti starfseminnar)**

Mikil áhætta (viðkvæm matvæli, s.s. mjólkurvörur, fiskur, kjöt, fuglakjöt, meðhöndluð eða elduð, kælivörur)

### **Fjöldi starfsmanna á ársgrundvelli sem vinnur við meðhöndlun matvæla**

3

### **Fjöldi neysluskammta á dag (ef við á)**

20

### **Helsti búnaður í eldhúsi/framleiðslurými**

Eldunarbúnaður (s.s. ofnar, hellur, pottar);Háfur og loftræsing frá honum (vélræn);Frystir/-ar;Kælir/-ar;Uppþvottavél;Hreinlætisgögn (fljótandi handsápa, gerileyðir og einnota pappírspurrkur) í veggföstum skömmturum við handlaug(-ar);Matvælavaskur;Borðbúnaðarvaskur við uppþvottavél;Margnota borðbúnaður

### **Ræstiaðstaða**

Sérstök lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstivaski fyrir eldhús

### **Starfsmannaaðstaða**

Aflokuð fataskiptaaðstaða með læsanlegum fataskápum fyrir yfirhafnir og persónulega muni starfsfólks

### **Lageraðstaða og kælimiðlar**

Kæli- og frystiaðstaða nægileg fyrir starfsemina

### **Matvælaöryggiskerfi (innra eftirlit)**

Einfalt innra eftirlit, flokkur 1

### **Tegund starfsemi**

Fataskápar eða aðstaða til að geyma farangur í herbergjum (læsanlegar geymslur í gistiskálum);Herbergi með handlaug

### **Gestafjöldi**

7

### **Öryggi gesta**

Sólarhringsvakt starfsmanns á staðnum;Sjúkrakassi aðgengilegur fyrir gesti

### **Nánari lýsing á starfseminni**

Vistheimili barna er úrræði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Eitt helsta markmið

Vistheimilis barna er að hjálpa foreldrum og börnum til að líða betur saman. Þetta er einkum gert með því að efla foreldrana í að mæta þörfum barna sinna fyrir öryggi, ástúð og örvun. Stundum þarf að grípa með öðrum viðeigandi hætti inn í uppeldisaðstæður barna sem talin eru í sérstakri hættu. Á Mánabergi geta börn dvalið tímabundið ef foreldrar þeirra eiga í alvarlegum vanda í uppeldishlutverkinu. Börnin sem vistuð eru á Vistheimili barna eru á mismunandi aldri, allt frá nýfæddum börnum upp að 13 ára aldri. Börnin sem koma, fá sín eigin herbergi, en geta þurft að deila herbergi með öðrum börnum en það fer eftir fjölda barna á heimilinu hverju sinni. Börnin dvelja á Vistheimili barna allan sólarhringinn en í flestum tilfellum sækja þau leikskóla, skóla og frístundir eins og þau eru vön. Í sumum tilfellum dvelja foreldrar á Vistheimili barna með börnum sínum. Vistunarmöguleikar eru bráðavistun, greiningar- og leiðbeiningarvistun og fósturaðlögun. Helstu ástæður vistunar eru vandi foreldra í uppeldishlutverkinu, ofbeldi, vanræksla eða fíkní- og geðrænn vandi foreldra. Starfsemin er opin allan sólarhringinn og eru starfsmenn í vaktavinnu. Mánaberg er fyrst og fremst heimili og mikið lagt upp úr því að skapa heimilislegan brag.

## Fylgigögn

### Viðbótargögn

-



Reykjavík, 18. desember 2025  
USK25120250

## UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

**Viðtakandi:** Ricardo Mario Villalobos

**Sendandi:** Byggingarfulltrúi

---

**Heimilisfang:** Efstaland 26 -

**Merking:** 01-0301 fasteignanúmer F2274584

**Starfsemi:** Vistheimili

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið auglýsi viðkomandi starfsemi.

Búið er að samþykkja byggingaráform en það á eftir að gefa út byggingarheimild og fara í lokaúttekt. Þegar lokaúttekt er afstaðin og vottorð um lokaúttekt gefið út þá verður gefin jákvæð umsögn byggingarfulltrúa um staðfesta notkun á húsnæði.

Virðingarfyllst,  
f.h. byggingarfulltrúa  
Berglind Björg Sigvaldadóttir  
Umhverfis- og skipulagssvið



**Reykjavík**

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

## heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | Rgl.nr.               | Uppfyllt |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------|----------|
| 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga. Þar getur verið um að ræða vistheimili, meðferðarheimili, hjálparstöðvar, neyðarathvörf, sumardvalarheimili og sumarþúðir og önnur heimili sem taka að sér sex eða fleiri börn til uppeldis eða umönnunar til lengri eða skemmri tíma. Börn heimilisfólks sem þar búa skulu talin með dvalarbörnum. | 941/2002 3. og 7. gr. |          |
| 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfisumsókn og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.                                                                                                                                                                                                                                                       | 941/2002 13.gr        |          |
| 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.                                                                                                                                                                                                                                                                          | 941/2002 7. gr.       |          |
| 1.4 Greiður aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.                                                                                                                                                                                                                                                                             | 941/2002 14.gr        |          |
| 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.                                                                                                                                                                                                          | 941/2002 13.gr        |          |

### 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | Rgl.nr.                                 | Uppfyllt |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|----------|
| 2.1 Húsnæði skal uppfylla kröfur um íbúðahúsnæði og má ekki vera í beinu sambandi við óskylda starfsemi.                                                                                                                                                                                                                                            | 941/2002 14.gr                          |          |
| 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.                                                                                                                                                                                                                                                             | 941/2002 14.gr                          |          |
| 2.3 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.                                                                                                                                                                                                                    | 941/2002 14.gr                          |          |
| 2.4 Fullbúin snyrting og baðaðstaða skal vera til staðar. Ekki skulu vera fleiri en 10 íbúar um hverja snyrtingu og baðaaðstöðu með búningsaðstöðu.                                                                                                                                                                                                 | 941/2002 15.gr                          |          |
| 2.5 Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar. Blöndunartæki á böðum og handlaugum sem almennir notendur eiga aðgang að skulu vera hitastýrð og vatnshiti ekki fara yfir 43°C.                                                   | 941/2002 14.gr og 112/2012 14.5.10. gr. |          |
| 2.6 Ekki skulu notaðar aðrar vistarverur en svefnherbergi eða svefnsalir til svefns. Rúm og aðrir innanstokksmunir skulu hafa aldri barna. Í svefnslum skal ætla hverju barni a.m.k 4 m <sup>2</sup> . Kojur mega aðeins vera tveggja hæða. Fara skal eftir staðli ÍST EN 747-1:1993.                                                               | 941/2002 42.gr                          |          |
| 2.7 Börn skulu sofa ein í rúmi. Rúmföt skulu vera til staðar og skulu þau vera heil og hrein og skipt um a.m.k vikulega þegar um lengri dvalartíma er að ræða en tvær vikur. Þegar um er að ræða sumarþúðir og skylda starfsemi og dvalartími er tvær vikur eða skemmri tími er heimilt að hafa svefnpoka í rúmunum, enda sé í rúmunum dýna og lak. | 941/2002 42.gr                          |          |

|     |                                                |                   |  |
|-----|------------------------------------------------|-------------------|--|
| 2.8 | Aðstaða skal vera til tómstunda og innileikja. | 941/2002<br>42.gr |  |
|-----|------------------------------------------------|-------------------|--|

### 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

|     |                                                                                                                                                                                      | Rgl.nr.                      | Uppfyllt |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------|----------|
| 3.1 | Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.                            | 941/2002<br>14.gr            |          |
| 3.2 | Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.                                                                                                                 | 941/2002<br>14.gr            |          |
| 3.3 | Vélrænt loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustu- og rekstrarhandbók handbók skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila, þar sem við á.                          | 941/2002<br>11. og 14.<br>gr |          |
| 3.4 | Þvottur skal þvegin við fullnægjandi aðstæður. Lín skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.                                                                   | 941/2002<br>42.gr            |          |
| 3.5 | Reykingar eru bannaðar þar sem börn og unglingar eru til dvalar.                                                                                                                     | Lög nr.<br>6/2002            |          |
| 3.6 | Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið, nema að fengnu samþykki íbúa og forráðamanna barna sem þar dveljast. Heilbrigðisnefnd getur gefið út tímabundið leyfi. | 941/2002<br>19.gr            |          |

### 4. MATVÆLI

|     |                                                                                       | Rgl.nr.                    | Uppfyllt |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------|----------|
| 4.1 | Fara skal að ávæðum matvælalaga og reglugerðum sem á þeim byggja eftir því sem við á. | 103/2010<br>og<br>852/2004 |          |

### 5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

|                                                                               |                                                                                                                                                                                                                                                  | Rgl.nr.                                            | Uppfyllt |
|-------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------|----------|
| 5.1                                                                           | Rekstraraðila er skyld að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæðið og umhverfi þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir þá sem þar dvelja. Þetta gildir einnig um ferðir dvalargesta, sem farnar eru á vegum rekstraraðila | 941/2002<br>35. gr. og<br>37.gr                    |          |
| 5.2                                                                           | Öll hættuleg efni eins og ræstiefni, málningarvörur og aðrar efnavörur svo og öll hættuleg eða oddhvöss áhöld og tæki skulu geymd í öruggri hirslu þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.                            | Lög 61/2013<br>og<br>Rg. 941/2002<br>35. og 37.gr. |          |
| 5.3                                                                           | Forráðamaður er ábyrgur fyrir að starfsfólk hafi hlotið þjálfun í skyndihjálpi.                                                                                                                                                                  | Rg. 941/2002<br>34.gr                              |          |
| 5.4                                                                           | Sjúkrakassi með nauðsynlegum gögnum skal vera til staðar.                                                                                                                                                                                        | Rg. 941/2002<br>34.gr                              |          |
| 5.5                                                                           | Slys og óhöpp skal skrá á þar til gerð eyðublöð og vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti.                                                                                                                                                         | Rg. 941/2002<br>11.gr                              |          |
| <b>Liðir 5.6 –5.10 eiga við þar sem ung börn (yngri en 6 ára) eru vistuð.</b> |                                                                                                                                                                                                                                                  |                                                    |          |
| 5.6                                                                           | Gólfhlötur eldhúss skal ekki vera leiksvæði barna.                                                                                                                                                                                               | Rg. 941/2002<br>35. gr. 37.gr                      |          |
| 5.7                                                                           | Opnanlegir gluggar skulu vera þannig gerðir að ekki stafi af þeim hættu.                                                                                                                                                                         | Rg. 941/2002<br>35.og 37.gr                        |          |

|      |                                                                                                                                                                                                                        |                              |  |
|------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------|--|
| 5.8  | Öryggishlið skulu vera fyrir stigum. Handrið skulu þannig frágengin að ekki valdi slysaættu. Bil milli rimla má ekki vera á bilinu 9-23cm. Festa ber hillur, eldavélar o.þ.h. við vegg þannig að ekki sé hætt á falli. | Rg. 941/2002<br>35. og 37.gr |  |
| 5.9  | Plöntur inni og úti mega ekki geta valdið börnunum skaða.                                                                                                                                                              | Rg. 941/2002<br>35. og 37.gr |  |
| 5.10 | Rafmagnstenglar skulu varðir og þannig frágengnir að börnum stafi ekki hætt af og forðast skal lausar snúrur og millistykki.                                                                                           | Rg. 941/2002<br>35. og 37.gr |  |

## 6. LÓÐ, LEIKSVÆÐI OG LEIKFÖNG

|                                                                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                         | Rgl.nr.                                                     | Uppfyllt |
|-----------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------|----------|
| <b>Liðir 6.1-6.5 eiga við þar sem ung börn (yngri en 6 ára) eru vistuð.</b> |                                                                                                                                                                                                                                                                                         |                                                             |          |
| 6.1                                                                         | Litir skulu CE merktir og föndurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir varðandi merkingar og innihald. Leikföng skulu hæfa aldri barna og þannig gerð að ekki skapi hættu. Leikföng skulu þrífir eftir þörfum, að minnsta kosti einu sinni á ári. | Lög<br>61/2013 og<br>Rg.<br>941/2002<br>35. gr og<br>37.gr. |          |
| 6.2                                                                         | Um leikvallataeki og leiksvæði gilda ákvæði reglugerðar nr.942/2002 um öryggi leikvallataekja og leiksvæða.                                                                                                                                                                             | Rg.<br>941/2002<br>35. gr.                                  |          |
| 6.3                                                                         | Farið skal eftir viðeigandi stöðlum um öryggismál.                                                                                                                                                                                                                                      | Rg.<br>941/2002<br>35. gr.                                  |          |
| 6.4                                                                         | Eftir aðstæðum skal lóð vera afgirt þar sem hún er jafnframt leiksvæði barna.                                                                                                                                                                                                           | Rg.<br>941/2002<br>35. gr.                                  |          |
| 6.5                                                                         | Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.                                                                                                                                                                                        | Rg.<br>941/2002<br>35. gr.                                  |          |

## 7. UMHVERFISMÁL

|     |                                                                                                                                                               | Rgl.nr.                                                  | Uppfyllt |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|----------|
| 7.1 | Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.                                                                              | Rg.<br>941/2002<br>14. gr og<br>18.gr.                   |          |
| 7.2 | Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu /-vinnslu úrgangs.                                                                               | Rg.<br>806/1999                                          |          |
| 7.3 | Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. | Lög<br>61/2013 og<br>Rg.<br>941/2002<br>35. og<br>37.gr. |          |
| 7.4 | Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.                                                                                   | Rg<br>798/1999.                                          |          |

### GREINARGERÐ MEÐ SAMRÆMDUM STARFSLEYFISSKILYRÐUM FYRIR ATVINNUGREIN

Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT95): 85.31.1.0 Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga

Helstu forsendur fyrir starfsleyfisskiptyrðum þessum eru:


- Til að tryggja hollustuhætti og heilnæmt umhverfi í samræmi við reglugerð um hollustuhætti
- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys á viðskiptavinum
- Til að tryggja að starfsmenn hafi ákveðna lágmarkspækingu

- Koma í veg fyrir vanbúnað í aðstöðu fyrir almenning.
- Hafa aðhald með þeim sem starfa í þjónustu við almenning.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um starfsemin.
- Fyrirbyggja mengun og mengunarslys.

**Starfsemin á sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/199 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Reykjavík 04.01.2018



Kristín Linda Árnadóttir